



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Aðalbjörg Traustadóttir, starfandi sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um þróun stöðugilda sálfræðinga og annarra fagaðila sem hafa veitt þjónustu í grunnskólum Reykjavíkurborgar og/eða sem hafa þjónustað grunnskóla Reykjavíkurborgar*

*Þann 21. september 2022 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þróun stöðugilda sálfræðinga og annarra fagaðila sem hafa veitt þjónustu í grunnskólum Reykjavíkurborgar og/eða sem hafa þjónustað grunnskóla Reykjavíkurborgar:*

*Óskað er eftir yfirliti um þróun stöðugilda á sálfræðingum og öðrum fagaðilum sem hafa veitt þjónustu í grunnskólum Reykjavíkurborgar og/eða sem hafa þjónustað grunnskóla Reykjavíkurborgar. Óskað er eftir þróun á milli ára, skipt eftir árum frá 2000 til dagsins í dag. Einnig er óskað eftir sundurliðun út frá starfstítlum fagaðila.*

**Svar:**

Velferðarsvið getur einungis gert grein fyrir þróun þeirra stöðugilda sem veitt hafa skólalþjónustu í umboði skóla- og frístundasviðs. Skóla- og frístundasvið veitir skólum auk þess ýmsa þjónustu innan skólanna en velferðarsvið hefur ekki upplýsingar um fjölda þeirra stöðugilda sem veita þá þjónustu. Með tilkomu verkefnisins *Betri borg fyrir börn* voru stöðugildi skólalþjónustunnar, fyrir utan stöðugildi sálfræðinga, færð yfir til skóla- og frístundasviðs í janúar 2022.

Ekki er unnt að veita upplýsingar nema frá árinu 2005 þegar þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar voru stofnaðar og stöðugildi frá leikskólum Reykjavíkur, fræðslusviði og íþróttá- og tómstundasviði færðust yfir til þjónustumiðstöðva í kjölfar skipulagsbreytinga. Um var að ræða stöðugildi sálfræðinga, kennsluráðgjafa, sérkennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, daggæsluráðgjafa, frístundaráðgjafa og deildarstjóra.

Árið 2008 voru stöðugildi leikskólaráðgjafa færð aftur til skóla- og frístundasviðs. Stöðugildi sálfræðinga, kennsluráðgjafa og sérkennsluráðgjafa voru á þessum tíma alls 38,35 en eru 40,9 í dag og hefur því fjölgað um 2,55 (sálfræðingar). Árið 2018 bættust við 10 stg. hegðunarráðgjafa og 11,5 stg. talmeinafræðinga. Samtals voru því stöðugildi í skólalþjónustu velferðarsviðs 62,40 í lok árs 2021. Á þeim tímamarki voru þessi stöðugildi færð yfir til skóla- og frístundasviðs í tengslum við innleiðingu verkefnisins *Betri borg fyrir börn*, að undanskildum 25,8 stg. sálfræðinga sem urðu eftir hjá velferðarsviði.